



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2015

## SÁLF2PS05 Þroskasálfræði

<b>Kennari:</b> Árni Blandon	<b>Sk.st.</b>	<b>ÁB</b>
------------------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing

<b>Titill</b>	<b>Þroskasálfræði</b>
<b>Námsgrein</b>	Sálfræði
<b>Viðfangsefni</b>	Fjallað um þroskaferil barna og unglunga
<b>Skammstöfun</b>	SÁLF2PS05
<b>Prep</b>	2
<b>Einingafjöldi</b>	5
<b>Lýsing</b>	<p>Nemendur kynast helstu þáttum þroskasálfræðinnar og þroskaferlum einstaklinga frá getnaði og fram á unglingsár. Fjallað er um líkamsþroska vitsmuna-, siðfræði- og tilfinningaþroska. Einnig er vikið að þroskahömlum og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Fjallað er um mismunandi þroskakennningar. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina eru skoðuð og komið inn á vandamál barna og unglunga til dæmis geðræn-, tilfinningaleg-, líkamleg-, náms- og hegðunarvandamál.</p> <p>Kennslubók: <i>Þroskasálfræði</i> eftir Aldísi Guðmundsdóttur Viðtalstími kennara: Fimmtudagar kl. 09:15-09:45 Símanotkun einungis leyfð við verkefnavinnu</p>
<b>Forkröfur</b>	SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• þroska mannsins út frá sálfræðilegum kenningum</li><li>• þróun máltöku</li><li>• helstu hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar</li><li>• framlagi þroskasálfræðinnar innan sálfræðinnar og til samfélagsins</li></ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• miðla sérhæfðri færni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum</li><li>• afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi</li><li>• nýta fræðilegan texta á íslensku</li><li>• miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti</li></ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• vera betur í stakk búinn til að takast á við uppeldi eigin barna</li><li>• tileinka sér frekara nám/starf á sviði uppeldismála</li><li>• vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat</li><li>• meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt</li><li>• taka þátt í rökræðum um málefni sem tengjast þroskasálfræði</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Símat: Fimm kaflapróf, 20% hvert

Selfossi, 19.08.2015